



Stjórn UngBest
Reykjavík, 2010.

FORDÆMING

UngBest, ungliðahreyfing Besta Flokksins, fordæmir hér með bókun sem lögð var fyrir borgarráð þann 13. Október 2010 þar sem farið er fram á að sala á áfengi verði bönnuð á vínveitingastöðum borgarinnar.

Ný bókun borgarfulltrúa sýnir vel í hvaða ógöngum menn lenda þegar aðferðir ríkisforsjár og skipulagshyggju verða ofan á. Ekki aðeins eru borgarfulltrúar flokksins algjörlega úr takt við grasrót flokksins með þessari bókun heldur hefur þetta gert marga af yngri ungliðum borgarinnar afhuga flokknum og er miður.

Hvers á æska þessa lands að gjalda? Það er ekki okkar vandi að þessir menn eru orðnir miðaldra! Það er deginum ljósara að með þessari bókun eru borgarfulltrúar aðeins að gæta hagsmuna þeirra eigin aldurshóps. Og hvar er sanngirninn í því þegar aðeins 20% borgarbúa eru miðaldra!

Að auki þykir stjórn UngBest það varhugavert að borgarfulltrúar leggi fram bókun sem gangi þvert á stefnuskrá UngBest:

4.11 - Þátttaka í íþróttum og öðru tómstundastarfi hefur mikið forvarnargildi. Leggja ber áherslu á að efla slíkt starf í samvinnu við menntastofnanir, ungmennafélög og önnur félagasamtök.

Og víndrykkja þar augljóslega stór hluti af því tómstundastarfi!

Bókun borgarfulltrúa er því í alla staði yfiringileg og er það krafa okkar að umrædd bókun verði dregin til baka sem og að þeir borgarfulltrúar sem eigi í hlut biðji borgarbúa og UngBest opinberlega afsökunar.

f.h stjórnar UngBest